



FRÉTTABRÉF SAFNMANNNA

4. árg. 2. tbl. ~~1994~~

Fundarboð

Félag íslenskra safnmanna boðar til aðalfundar 29. maí
1995 kl. 16:00 á kaffistofu Þjóðminjasafns Íslands.
Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

Frá ritstjóra

Fréttabréfið ber nú félagsmönnum aðallega fréttir tengdar samstarfi við hin Norðurlöndin. Umfang þess er ekki mikið í þetta sinn þar sem mjög fáar greinar hafa borist.

Í janúarbyrjun hafði María Eklund, frá Svenske Museer samband við ritstjóra og bað Ísland um að vera með í samnorrænni enskri útgáfu Nordiske Museer fyrir heimsþing ICOM í Stavanger í Noregi. Þar sem fréttabréfið okkar er dálítið minna í sniðum en safnablöðin á hinum Norðurlöndunum fengum við að vera með í sænska hluta blaðsins. Það sparar okkur töluverð útgjöld og voru Svíar ánægðir að við skyldum vilja vera með. Efnið sem sent var voru upplýsingar um fréttabréfið, kynning á íslenskum söfnum og stutt grein um safnastefnu.

Það er ánægjulegt að sjá að það er gróska í íslenska safnaheiminum og að stöður ætlaðar safnafólki hafa verið auglýstar lausar til umsóknar undanfarið. Þetta fréttabréf er hið síðasta í minni ritstjórn og vil ég því þakka þeim sem hafa verið hvað duglegastir við að skrifa í það. Ennfremur hvet ég safnafólk eindregið til að nýta það sem vettvang umræðu -það er alltof lítið um það.

Kveðja,

Margrét Jónasdóttir

Nýtt tímarit: Nordisk Museologi

Árið 1993 leit nýtt tímarit dagsins ljós á Norðurlöndum. Í sjálfu ser er það ekki í frásögu færandi nema fyrir það að sambærilegt tímarit var ekki til áður. Nafn tímaritsins er Nordisk Museologi og er einkum ætlað það hlutverk að tengja saman nýjar háskólastofnanir í safnafræðum og hið daglega safnastarf. Tvö rit koma út á hverju ári. Hugmyndafræðileg og kenningarleg umræða um hlutverk og tilgang safna hefur mjög fært í vöxt á undanförunum árum og að því kom að mikilvægt þótti að skapa vettvang fyrir slíka umræðu. Framkvöðlar ritsins orðuðu það svo í fyrsta tölublaði tímaritsins:

För undertecjnade-som tagit initiativ till tidskriften och alla tre har lång praktisk museerfarenhet- ar det viktigt att det finns en öppen kanal mellan teori och praktik, att forskning och utbildning kontinuerligt kan hamta naring ur praxis och at resultatet kan nyttiggöras i praktisk tillamning." (J.A. Gjestrum, O. Strandgaard og P-U Ågren 1993:1).

Í íslenskrri þýðingu minni gæti þetta hljóðað svo:

Fyrir undirritaða-sem áttu framkvæðið að tímaritinu og allir hafa langa reynslu af safnastörfum- er mikilvægt að til sé farvegur milli kenninga og daglegra starfa, að rannsóknir og kennsla geti stöðugt sótt naringu í starfseminu og að niðurstöðurnar geti nýst í hinu daglega starfi.

Safnafræði sem sjálfstæð grein í háskóla er ný af nálinni og í dag eru fræðin kennd á nær öllum Norðurlöndum, Noregi (Oslo), Danmörku (Vig), Finnlandi (Jysvaskylya) og Svíþjóð (Umeå og Gautaborg).

Eitt af markmiðum útgáfunnar var m.a. að ná til allra Norðurlandanna, enda talið að þau ættu það mikið sameiginlegt í safnasögu sinni og menningu almennt að slíkt væri gjöfult.

Í ágúst 1994 barst flestum stærri söfnum Íslands áskorun og beiðni um að taka beinan þátt í ristjórnarstarfinu og gerast áskrifendur að Nordisk Museologi. Árangurinn af þessari beiðni varð aðeins sá að nokkrir gerðust áskrifendur en enginn sýndi áhuga á þátttöku í ristjórnarstarfinu.

Í janúar 1995 sá ég áðurnefnda áskorun í fyrsta sinn (veit ekki til að málið hafi verið rætt meðal safnamanna yfirleitt, slíkt fór alla vega fram hjá mér). Það kom mér spáskt fyrir sjónir að hið tiltölulega nýja Safnmannafélag skyldi t.d. ekki sýna þessu máli neinn áhuga þegar hafður er í huga annar áhugi félagsins á öðrum málum (Farskólinn, ICOM, og norrænt samstarf annað). Ég taldi hins vegar brýnt að Ísland væri með í þessu starfi og skrifaði í byrjun febrúar til ritstjórnarinnar og lýsti áhuga mínum á starfinu. Í framhaldi var mér falið að mynda hér íslenska ritnefnd sem eg og

gerði. Í henni sitja núna Helgi M. Sigurðsson sagnfræðingur á Arbæjarsafni, Kristín Guðnadóttir listfræðingur á Kjarvalsstöðum, Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur og Sigríður Sigurðardóttir sagnfræðingur á Byggðasafni Skagfirðinga í Glaumbæ. Hugsanlega verður fjölgað í ritnefndinni síðar. Sjálfur sit ég í ritstjórn.

Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst að tengja íslenska safnastarfsemi við fræðilegt umhverfi og ýta þannig undir eflingu starfseminnar hér á landi. Tel ég það afar brýnt að Ísland verði virkur aðili að norrænu samstarfi á þessu plani þó ekki nema fyrir það eitt að hefja umræðu um hlutverk safna, stefnu þeirra og tilgang. Sú umræða hefur ekki farið fram hér á landi enn sem komið er, en er nú orðin tímabær. Tímaritið Nordisk Museologi er vel til þess fallið að í það sé sótt næring og hugmyndir til eflingar íslensku safnastarfi.

Annað mikilvægt hlutverk nefndarinnar er að reyna að fá íslenska safnamenn til að skrifa greinar um íslenska safnastarfsemi eða tengd efni. Ljóst má vera að ekki er hægt að ætlast til þess að næstu tímarit verði með mikið af íslensku efni, en þó vonumst við til þess að einhver sjái nauðsyn þess að fjalla um þessi mál á þessum vettvangi. Það er því von ritnefndarinnar að íslenskt efni muni birtast innan tíðar, ni sem ég tel mikilvægt að ræða meðal safnamanna hér á landi og gætu átt erindi í greinar eru m.a.:
Hversu mikið á að fjölga söfnum hér á landi? Hversu mikil sérhæfing á að vera á meðal safna?

Þurfum við sjóminjasafn, tækniminjasafn, herminjasafn, samgöngusafn, landbúnaðarsafn og svfrv.?

Þurfum að efla Farskóla safnamanna með tilliti til fræðilegrar umræðu, eða á hann fyrst og fremst að virka sem samtenging og kynningarflötur fyrir íslenska safnamenn?

Þarf að fá safnfræði inn í háskólann (í sagnfræði, þjóðfræði eða annað fag)?

Hvaða kröfur eigum við að gera varðandi menntun safnamanna?

Er nauðsyn á því að framleiða fleiri sýningar og gera gagnrýna úttekt á þeim?

Þurfa yfirvöld að koma meira inn í safnastarfið (peningar, stjórnun, stefnur osvfrv.)?

Þurfa safnamenn að láta meira í sér heyra, eða eru þeir best geymdir á meðal annarra leifa fortíðarinnar?

Er þörf á umræðu um safnastarf yfirleitt?

Er þörf á söfnum?

Bjarni F. Einarsson

Farskóli safnmanna

Í ár verður farskólinn haldinn á Akureyri dagana 6.-9. september. Farskólanefndin sem skipuð var í vetur hefur hafist handa og nú liggja fyrir drög að dagskrá. Eins og kemur í ljós hér á eftir er haldið í hefðina og blandað saman erindum, umræðum og ferðum um héraðið.

Farskólinn verður haldinn í jaðri Kjarnaskógar, útivistarsvæði Akureyringa, u.þ.b. 3 km. fyrir innan Akureyri. Gist verður á Hótel Hörpu, Kjarnalundi, og er boðið upp á gistingu í tveggja manna herbergjum með baði, en einnig eru nokkur eins manns herbergi í boði.

Farskólinn verður settur miðvikudaginn 6. september, kl. 15:00 en lýkur síðdegis laugardaginn 9. september og er miðað við að fólk komist til Reykjavíkur með flugi 19:10. Hótel Harpa býður þeim sem vilja vera á Akureyri fram á sunnudag gistingu á kr. 2.500 (tveggja manna herbergi) fjórðu nóttina.

Dagskrá hefur verið ákveðin í meginatriðum og verða þrjú þemu sem fjallað verður um í fyrirlestrum og umræðum. Þau eru safnahugtakið; byggðavitund; menning og landslag. Flutt verða þrjú erindi undir hverju þema, og koma fyrirlesarar úr röðum safnmanna en einnig utan þeirra. Farið verður í ferðir um Eyjafjörð og söfn og minjastaðir heimsóttir.

Endanlega dagskrá verður send út í júní, ásamt upplýsingum um verð og eyðublaði til að tilkynna þátttöku.

Farskólanefndin vonast eftir að sjá sem flesta á Akureyri í haust!

Farskóli safnmanna 1995

Dagskrá:

Miðvikudagur 6. sept.

Komið til Akureyrar

15:00-19:00	Farskólinn settur. Þema I: Safnahugtakið. Fjallað verður um hvernig söfn eru skilgreind í íslenskum lögum og norrænum og í samþykktum safnfélaga. Er þörf á að endurskoða þær skilgreiningar? Hvernig standa íslensk söfn gagnvart þessum skilgreiningum? Hver eru sérkenni íslenskra safna. á hvaða leið er safnastarf og hvert á hlutverk safna að vera í framtíðinni?
19:00-20:00	Kvöldverður.
20:00-21:00	Framhaldsaðalfundur Félags íslenskra safnmanna.
21:00-23:00	Safnamál, umræður um söfn og stöðu þeirra.

Fimmtudagur 7. sept.

- 08.30-12:30 Þema II: Byggðavitund.
Fjallað verður um hvernig ímynd byggðalags verður til og velt upp spurningunni um það hvern þátt byggðasöfn eiga í því að móta og varðveita þá ímynd. Fjallað verður um byggðasögu og hvort/hvernig sýningar safna segja þá sögu. Þá verður kynnt norrænt verkefni NORDLIV, sem hefur það markmið að vekja umræðu um norræna samvitund. Árið 1997 hefur verið útnefnt sem norrænt safnaár.
- 12:30-13:30 Hádegisverður.
- 14:00- Ferð út með Eyjafirði vestar. Komið verður við á merkum minja- og sögustöðum, má þar nefna Skipalón, Gásar, Dalvík, Hrísey.

Föstudagur 8. sept.

- 08:30-12:30 Þema III: Menning og landslag. Fjallað verður um menningarlandslag eða búsetulandslag, þ.e. á hvern hátt mótar landslagið menninguna og menningin landslagið. Hverjar eru helstu minjar búsetu í héraði eins og Eyjafirði og hvernig á að standa að varðveislu þeirra. Hvernig má nýta þessar minjar t.d. í ferðaþjónustu og hvernig má samræma sjónarmið minjavörslu og ferðaþjónustu?
- 12:30-13:15 Hádegisverður.
- 13:30-14:00 Safnabærinn. Inngangur að heimsókn í söfnu
- 14:00-18:00 Söfn á Akureyri skoðuð.
- 20:00- Kvöldverður og kvöldvaka.

Laugardagur 9. sept.

- 09:00- Ferð um Eyjafjörð. Farið verður út Eyjafjörð austanverðan og á Eyjafjarðardal. Farið verður í Laufás og aðra kirkju- og minja- og sögustaði.
- 18:00 Komið til Akureyrar. Farskólaslit.

Nordliv

Verkefnið Nordliv sem kynnt var í fréttabréfi safnmanna í október síðastliðnum er ennþá í fullum gangi og mun meðal annars verða til umfjöllunar í farskólanum í september. Þá mun framkvæmdastjóri verkefnisins Jesper Boyesen koma frá Danmörku og kynna verkefnið og stöðu þess fyrir íslenskum safnmönnum.

Í greinagerð um verkefnið sem unnið er á vegum Norrænu félaganna í samvinnu við ýmsa aðra hópa kemur fram að það skiptist níður í fimm meginþætti sem skarast þó innbyrðis. Í raun er verkefnið mjög viðamikilið og erfitt að ná heildarsýn yfir það þar sem ótal efni gætu fallið innan ramma þess. Meginþættirnir eru:

1. Verkefni deilda Norræna félagsins.
2. Skólar og fræðsla.
3. Söfn, skjalasöfn og menningarstofnanir.
4. Háskólar, framhaldsskólar og fræðafélög.
5. Fjölmíðlar.

Í hlutanum, söfn, skjalasöfn og menningarstofnanir liggja þegar fyrir hugmyndir sem unnið verður eftir. Það skal tekið fram að þetta eru aðeins hugmyndir ennþá og er óskað eftir samstarfi við safnmenn alls staðar á landinu. Í undirbúningi eru þemahefti fyrir grunnskólakennara í sögu sem miða samstarfi skóla og byggðasafna einstakra héraða ef áhugi er fyrir hendi. Samvinna er þó ekki nauðsynleg.

Börnin koma til með að skoða áhrif aðfluttra Norðurlandabúa á sögu bæja sinna, t.d. áhrif Færeyinga og Norðmanna á Seyðisfirði. Hvaða máli skipti koma þeirra fyrir efnahag, sögu og menningu einstakra bæja? Börnin munu ræða við eldra fólk um þessi áhrif og vinna verkefni í skólanum út frá því. Í framhaldi af verkefnunum yrðu svo ef til vill sýningar á byggðasöfnunum í samvinnu við skólabörnin. Þetta getur fallið undir *Norrænt safnaár* sem fyrirhugað er árið 1997. Þjóðminjaráð hefur fengið senda kynninu á Nordliv verkefninu og sérstakri farandsýningu um Nordisk Identitet og Norrænt safnaár 1997 og ætlar að hvetja söfn á Íslandi til þátttöku í Norrænu safnaári.

Farskóli safnmanna mun eins og áður sagði kynna þetta verkefni og mun fjárframlag Norliv til safnahlutans í ár fara í heimsókn Boysen og grunnundirbúning Norræna safnaársins. Þegar kemur að sýningum mun hugsanlega vera möguleiki á styrkjum frá Nordliv verkefninu. Það verður þó auglýst síðar. Kynningarbæklingur um verkefnið verður einnig sendur söfnum áður en að farskólanum kemur.

Fundur norrænna safnfélaga í Helsinki

Þriðji samráðsfundur norrænna safnfélaga var haldinn að Hanaholm við Helsinki dagana 21.-22. apríl s.l.

Á dagskrá fundarins voru umræður um safnahugtakið og stöðu safna á Norðurlöndum, kynningu á starfi NEMO, samstarfsneti safnfélaga innan Evrópusambandsins. Safnanefnd norrænu ráðherranefndarinnar hélt fund í Helsinki á sama tíma og hittust hóparnir tveir og var starfsemi þeirrar nefndar kynnt.

Í umræðum um norræn söfn og stöðu þeirra var lagt upp frá spurningunni *hvað/hvernig eru norræn söfn?* Á fyrri fundinum hefur verið rætt um mismunandi skilgreiningar á því hvað telst safn, en það er mjög breytilegt eftir löndum og kemur m.a. fram í því hversu fjöldi safna er ólíkur frá einu landi til annars. Einungis í einu landi, Danmörku, eru til sérstök lög um söfn, en í hinum löndunum eru til lög um einstaka þætti minjavörslu, t.d. vernd fornleifa, en í þeim er ekki fjallað um söfn. Ennfremur var farið yfir skipulag safnamála, litið á stjórnunarform, fjármögnun og hver staða safnamála er um þessar mundir. Í Svíþjóð hefur farið fram úttekt á starfi sænskra safna á vegum þingnefndar og hafa niðurstöður hennar vakið töluverðar umræður í sænskum safnaheimi. Málið er í biðstöðu því ný ríkisstjórn ákvað að gera allsherjar úttekt á menningarmálum og munu tillögur safnanefndarinnar verða teknar inn í heildarúttektina. Í Danmörku hefur menntamálaráðherra sett á laggirnar nefnd til að endurskoða dönsku safnalögin. Þetta var gert án þess að hafa samráð við söfnin eða safnfélögin og vakti það reiði þeirra. Það er ljóst að ráðherrann hyggur á ýmsar breytingar sem ekki vekja hrifningu allra safnmanna, m.a. hugmyndir um breytingar á embætti þjóðminjavarðar. Í hinum löndunum er rólegra, Norðmenn hafa fengið nýja stofnun *Nordisk museumsutvikling*, og eru nú í „tænkepause“ eins og fulltrúi þeirra orðaði það, en norskir safnmenn biða þó eftir úttekt á safnamálum svipaðri og fór fram í Svíþjóð. Í Finnlandi voru lög endurskoðuð 1992.

Ég tel það vera mjög mikilvægt fyrir okkur að fylgjast með því sem gerist í Danmörku og Svíþjóð á næstunni, því það kemur brátt að því að endurskoða okkar þjóðminjalög og þá þurfa íslenskir safnmenn að hafa mótaðar hugmyndir um hvað þeir vilja fá fram með endurskoðun laganna.

Á fyrri fundum hefur verið rætt um hvort þörf sé á sameiginlegri norrænni safnaskilgreiningu. Eftir umræður okkar í þetta sinn varð niðurstaðan sú að norræn söfn eigi að geta lagt skilgreiningu ICOM

til grundvallar í safnastarfi og notað hana sem samnefnara, en að viðbúið sé að hvert land hefði þörf á viðbótum eða sérákvæðum sem til yrðu vegna aðstæðna á hverjum stað.

Á síðasta ári setti norræna ráðherranefndin á laggirnar *Nordiska museumskommittén* sem hefur fengið það hlutverk að skilgreina hvern sess samstarf safna eigi að hafa í norrænu menningarsamstarfi. Nefndin hefur byrjað að safna upplýsingum um það sem þegar er í gangi og hefur einnig í hyggju að hafa frumkvæði að nýjum verkefnum. Nefndin fær nú til umsagnar umsóknir til norræna menningarmálasjóðsins um safnverkefni.

Fulltrúi NEMO, Network for European Museum Organization, sagði frá starfi sinna samtaka. Netinu var komið á fót í því skyni að tala máli safna í Brussel, en safnmönnum þótti sem þau mál skipuðu lítinn sess í menningarstarfi ESB. Þeim hefur orðið nokkuð ágengt og hafa hlotið viðurkenningu framkvæmdastjórnarinnar. Samtökin vinna líka að því að efla samstarf safna innan ESB og hafa í hyggju að koma á verkefni þar sem safnmenn geta skiptst á vinnu, þ.e. unnið á safni í öðru landi um tíma. Þá hefur NEMO sett sér að safna tölfraðilegum upplýsingum um söfn í Evrópu, en slíkar upplýsingar eru hvergi til.

Hingað til hafa Danir einir Norðurlandabúa verið þátttakendur í NEMO, en nú hafa Finnar og Svíar gengið í ESB og taka nú þátt í starfi NEMO og verður það tekið fyrir á fundi í haust. Það voru skilaboð til íslenskra og norskra safnmanna að þeir fengju væntanlega boð um að taka þátt í starfi NEMO.

Það má alltaf velt því fyrir sér hvert gagn sé að því að sækja fundi sem þessa. Eftir þennan þriðja fundi norrænna safnfélaga þá er ég enn þeirrar skoðunar að íslenskir safnmenn eigi að taka þátt í norrænu og alþjóðlegu samstarfi safna og safnmanna. Fundir sem þessi eru fyrst og fremst samráðsfundir, menn bera saman bækur sínar og skiptast á upplýsingum um hvað er að gerast í safnamálum hvert í sínu landi. Og með starfi NEMO ætla samfélög í löndum innan Evrópusambandsins að fylgjast með og hafa áhrif á þeim vettvangi. Hvort sem við lendum inni í ESB eða ekki hlýtur það að vera mikilvægt að hafa samráð við safnmenn í öðrum löndum og þess vegna eigum við að fylgjast með starfi NEMO og taka þátt í því ef okkur býðst það.

Hlutverk safna breytist með breyttu samfélagi, og kröfurnar sem gerðar eru til þeirra breytast líka. Á undanförunum árum hafa raddir um að söfnin skemmti fólki orðið háværar og söfnin hafa brugðist við því á ýmsan hátt. En það hlýtur alltaf að þurfa að ræða það á hvaða forsendum söfn eiga að starfa, þau eru fyrst og fremst menningarstofnanir sem hafa það hlutverk að varðveita menningararf þjóða og verða að skilgreina hlutverk sitt út frá því.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir.

Þjóðminjasafn Íslands

Undanfarið hafa staðið yfir utanhússviðgerðir á húsi Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu. Skipt hefur verið um alla glugga í húsinu og það múrað og steinað að nýju að utan. Eftir eru miklar viðgerðir innanhúss og standa vonir til að þær geti hafist hið fyrsta.

Vegna viðgerðanna var sýningum lokað á síðasta ári en sýningarstarfsemi safnsins flutt í Aðalstræti 6 þar sem safnið ásamt Þjóðskjalasafni Íslands stóð fyrir sýningunni LEIÐIN TIL LÝÐVELDIS í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins.

Þegar sýnt var að ekki yrði áframhald viðgerða á þessu ári var ákveðið að opna þar sýningar aftur nú.

Þann 18. maí ár hvert er alþjóðadagur safna og eftir þann dag í ár verður mögulegt að heimsækja Þjóðminjasafnið og sjá sýningar á tveimur hæðum hússins. Hluti sýninganna hefur verið lagfærður og í sumum tilvikum eins og sýningu á íslenskum kirkjugripum frá 17.- 19. aldar er um nýjar sýningar að ræða.

Á þriðju hæð hússins er sýningin NÚTÍÐ VIÐ FORTÍÐ þar sem getur að líta þá 130 muni sem fjallað er um í bókinni GERSEMAR OG ÞARFAÞING sem út kom á síðasta ári. Bókin hefur vakið mikla athygli m.a. fékk hún á dögnum viðurkenningu Samtaka iðnaðarins fyrir frágang, útlit og hönnun.

Safnið er opið alla daga vikunnar nema mánudaga frá kl. 11:00-17:00 og er aðgangseyrir kr. 200 fyrir fullorðna.

Lilja Árnadóttir

Umsóknir um aðild að Félagi íslenskra safnmanna:

Úrsúla E. Sonnenfeld
Mávahlíð 39
105 Reykjavík
(safnvörður hjá Veðurstofu Íslands)

Kristín Guðnadóttir
Seljavegi 31
101 Reykjavík
(safnvörður á Kjarvalsstöðum)

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir
Vesturvangi 1
220 Hafnarfirði
(safnkennari á Kjarvalsstöðum)

Elísabet V. Ingvarsdóttir
Skeiðarvogi 123
104 Reykjavík
(safnkennari á Kjarvalsstöðum)

Lög félags íslenskra safnmanna

1. grein

Félagið heitir Félag íslenskra safnmanna. Lögheimili þess er í Reykjavík.

2. grein

Félagar geta þeir orðið sem lokið hafa námi í greinum sem nýtast í starfsemi lista-, minja- og náttúrufræðisafna. Ennfremur þeir, sem vinna í faglegu starfi við slík söfn. Inntaka nýrra félaga er háð samþykki félagsfundar.

3. grein

Tilgangur félagsins er:

- a) að efla samstarf og kynni milli safna og safnmanna, fjalla um safnamál og ýmsan vanda þeim tengdan, auka þekkingu og annast fræðslu á söfnum og safnstörfum og annast samskipti við safnmenn og hliðstæð samtök erlendis.
 - b) leitast við að tryggja réttindi og hagsmuni félagsmanna, t.d. þannig að félagsmenn með tilskilda menntun hafi forgangsrétt til starfa á söfnum.
- Þessum markmiðum má ná með útgáfustarfsemi, fundahöldum, fyrirlestrum og ferðalögum.

4. grein

Aðalfund skal halda fyrir 1. júlí ár hvert og skal hann boðaður bréflaga með minnst hálfmánaðar fyrirvara. Þá er aðalfundur lögmætur, ef hann er löglega boðaður.

Breytingatillögur

1. grein

Óbreytt.

2. grein

Félagar geta þeir orðið, sem vinna fagleg störf við lista-, minja- og náttúrufræðisöfn og þeir sem hafa lokið námi í greinum sem nýtast í starfsemi slíkra safna. Stjórn félagsins tekur inn nýja félaga.

3. grein

Markmið félagsins eru:

- a) að efla samstarf milli safna og safnmanna, fjalla um safnamál, auka þekkingu og fræðslu á söfnum og safnstörfum og annast samskipti við safnmenn og hliðstæð samtök erlendis.
- b) óbreytt.
- c) að halda Farskóla safnmanna þar sem starfsmenn safna fá starfsfræðslu og endurmenntun. Farskólinn er opin fyrir utanfélagsfólk.
- d) gefa út fréttabréf.

Markmiðum þessum má einnig ná með útgáfustarfsemi, fundahaldi, fyrirlestrum, námskeiðum og ferðalögum.

4. grein

Aðalfund skal halda ár hvert á Farskóla safnmanna, þó cigi síðar en 10. október. Skal til hans boðað bréflaga með minnst hálfmánaðar fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Útgefandi: Félag íslenskra sálmanna, ritstjóri Margrét Jónasdóttir,
Árbæjarsafni, P.O. Box 10020, 130 Reykjavík, S. 875412